



Lúxemborg, 18. júní 2021

FRÉTTATILKYNNING 07/2021

Dómur í máli E-10/20 þb. ADCADA Immobilien AG PCC gegn Fjármálaeftirlitinu (Finanzmarktaufsicht)

HUGTAKIÐ „ALMENNT ÚTBOÐ“ Í SKILNINGI LÝSINGARREGLUGERÐARINNAR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um fjórar spurningar sem honum bárust frá kærunefnd Fjármálaeftirlits Liechtenstein (*Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht*) (“kærunefndin”) varðandi túlkun á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (“lýsingarreglugerðin”).

Málið laut að kæru sem þb. ADCADA Immobilien AG PCC („ADCADA“) lagði fram hjá kærunefndinni, þar sem krafist var ógildingar á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að skuldabréf, sem gefið hafði verið út í Liechtenstein af ADCADA, hefði verið boðið út í almennu útboði og að bann skyldi lagt við því sökum skorts á birtingu lýsingar.

Fyrri tvær spurningarnar vörðuðu túlkun á hugtakinu „almennt útboð“ í skilningi d-liðar 2. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Var þá einkum leitast eftir svörum við því hvaða viðmið skulu lögð til grundvallar við mat á því hvort fram hafi komið nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðsins og þau verðbréf sem bjóða skal út, svo fjárfestum sé kleift að taka ákvörðun um kaup eða áskrift að umræddum verðbréfum.

Dómstóllinn taldi að meta yrði í hverju tilviki fyrir sig hvort nægjanlegar upplýsingar hafi verið veittar í skilningi d-liðar 2. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Hins vegar, við aðstæður líkt og þær sem til staðar eru við meðferð málsins hjá kærunefndinni, verði að líta svo á að slíkar upplýsingar teljist nægjanlegar upplýsingar í skilningi ákvæðisins. Enn fremur komst Dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ef boð er þegar með sér nægjanlegar upplýsingar, getur viðbót yfirlýsinga þess efnis að frekari upplýsinga sé unnt að afla annars staðar ekki breytt mati á því að slíkt boð teljist „almennt útboð“.

Síðari tvær spurningarnar snéru að túlkun undanþágunnar í b-lið 4. mgr. 1. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Dómstóllinn taldi að til þess að undanþágan ætti við, yrði útboð verðbréfa raunverulega að vera beint til færri en 150 einstaklinga eða lögaðila í hverju EES-ríki, annarra en hæfra fjárfesta. Við aðstæður þar sem almennt útboð hefur verið birt og auglýst á veraldarvefnum, með þeim hætti að aðgengilegt sé öllum, verður að líta svo á að slíkt útboð beinist að ótakmörkuðum fjölda einstaklinga, við beitingu b-liðar 4. mgr. 1. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Ekki er unnt að sniðganga mörkin sem sett eru í ákvæðinu með því að dreifa útboðinu í EES-ríki með notkun mismunandi miðla.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.